

Nd.

104. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnar-
umdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða
árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upp-
hæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið
læggra en 1% og eigi hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða,
og eigi lægra en 1/2% og eigi hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestu-
landa og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af
lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nív. 1915, án tillits til mann-
virkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat
fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinni lögskipuðu fast-
eignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum
um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman,
ákveður byggingarnefnd og jarðeignarnefnd, eftir því sem við á, hve mikið af
verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er
talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþykta af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði um lóðargjald af
bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akur-
eyrar, eftir að hún hafði tekið málið til rækilegrar ihugunar á fundum sínum.
Aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta kemur nú fram, er sú, að nefnt bæjar-
fjelag sjer ekki fram á að geta staðið straum af hinum sívaxandi útgjöldum
sínum á annan hátt. Eins og öllum mun kunnugt, hafa útgjöld flestra eða
allra sveitar- og bæjarfjelaga hjer á landi farið mjög vaxandi á hinum síðustu
árum, og aukaútsvör þar af leiðandi hækkað fram úr hófi. Afleiðingin hefir
orðið sú, að sumir efnamenn hafa jafnvel talið gjaldþoli sínu ofboðið og flutt
sig af landi burt.

Þegar um það er að ræða að finna nýja gjaldstofna fyrir bæjarfjelögin,
virðist liggja næst að hækka lóðargjöldin, sem að þessu hafa verið mjög lág, og
sumstaðar sama sem engin.

Með því að oft hafa heyrst raddir um það, að nauðsyn bæri til að finna nýja tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélögin, er þess vænst, að hið háa Alþingi vilji styðja alla skynsamlega viðleitni í þá átt og sjái sjer því fært að samþykkja frumvarp þetta.